

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 23. apríl 2021 í máli nr. 31/2021

Kæruneftndina skipa í þessu máli Hildur Ýr Viðarsdóttir lögmaður, Ívar Halldórsson lögfræðingur og Jón Rúnar Pálsson lögmaður.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 15. mars 2021 barst kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings um þjónustu Y byggingafræðings og húsasmíðameistara, hér eftir varnaraðili.

II

Niðurstaða

Kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerðar nr. 1177/2019 um kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020. Nefndin tekur ekki til meðferðar ágreining sem heyrir ekki undir gildissvið framangreindra laga.

Kvörtun sóknaraðila varðar meinta annmarka á matsgerð varnaraðila, sem hann vann sem dómkvaddur matsmaður í máli nr. [...] við Héraðsdóm Suðurlands, vegna ágreinings sóknaraðila við seljanda fasteignarinnar [...]. Telur sóknaraðili að varnaraðili hafi ekki metið annmarka á fasteigninni að fullu í samræmi við þá annmarka sem sóknaraðili telur að séu til staðar.

Samkvæmt 1. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála er markmið þeirra að tryggja neytendum aðgang að skilvirkri og faglegri málsmeðferð við lausn deilumála utan dómstóla. Lögín taka til ágreinings um samninga sem neytendur gera við seljendur um kaup á vöru eða þjónustu, þó ekki ágreinings sem er til meðferðar hjá dómstólum eða dómur hefur gengið um, sbr. 3. gr. laganna. Hlutverk kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa samkvæmt lögum nr. 81/2019 er að leysa deilur utan dómstóla. Ef mál er þegar rekið fyrir dómi ber nefndinni, samkvæmt ummælum í frumvarpi við 3. gr. laganna, að vísa kvörtun frá efnislegri meðferð af þeirri ástæðu að ágreiningurinn fellur utan gildissviðs laganna. Samkvæmt c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála getur kæruneftnd vöru- og þjónustukaupa vísað kvörtun frá þegar ágreiningur er eða hefur verið til umfjöllunar dómstóla. Markmið frávísunar í slíkum tilvikum er að koma í veg fyrir að fjallað sé um sama ágreining á fleiri en einum vettvangi.

Fjallað er um matsgerðir dómkvaddra matsmanna í IX. kafla laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála (eml.). Samkvæmt 64. gr. laganna getur aðili máls krafist yfirmats þar sem tekin verða til endurmats þau atriði sem áður hafa verið metin. Dómari leysir úr ágreiningi sem lýtur að dómkvaðningu og hæfi matsmanns og um greiðslur til hans með úrskurði samkvæmt 1. mgr. 66. gr. eml. Dómari getur enn fremur úrskurðað um atriði sem varða framkvæmd matsgerðar, svo sem hvort það hafi verið metið sem skyldi meta samkvæmt dómkvaðningu eða hvort matsgerð sé nægilega rökstudd, ef ágreiningur rís um kröfu um endurskoðun hennar eða endurmat. Samkvæmt 2. mgr. 66. gr. eml. leggur dómari mat á önnur atriði varðandi matsgerð, þar á meðal sönnunargildi hennar þegar leyst er að öðru leyti úr máli.

Ágreiningur málsins heyrir samkvæmt framangreindu ekki undir valdsvið kæruneftndar vöru- og þjónustukaupa heldur dómstóla. Máli þessu er því vísað frá, sbr. og c. lið 1. mgr. 14. gr. laga nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála.

III
Úrskurðarorð

Kvörtun sóknaraðila, X, er vísað frá kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila, sbr. a. liður 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa.

Hildur Ýr Viðarsdóttir
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson